

Akranesi 15. nóvember 2011

Alþingi
Erindi nr. P 140/249
komudagur 17.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Bt. Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga á þingskjali 174 – 170. mál

Undirritaður gerir ekki athugasemdir við að gildistöku 10. gr laga nr. 97/2008 verði frestað, en hefði heldur kosið að ákvæði um bann við afsláttum í smásölu verði fellt út úr lögnum.

Vakin er athygli nefndarinnar á því að við upptöku á nýju greiðsluþáttökukerfi mun að líkindum draga verulega úr afsláttum á lyfseðilsskyldum lyfjum með greiðsluþáttöku, en afsláttur mun halda sér og jafnvel heldur aukast á lyfseðilsskyldum lyfjum sem ekki eru með greiðsluþáttöku, a.m.k þar sem samkeppni er í smásölu.

Nokkuð stór hópur lyfseðilsskyldra lyfja er án greiðsluþáttöku og því er ljóst að greiðsluhámark einstaklinga á hverju 12 mánaða tímabili er í mörgum tilvikum hærra og jafnvel mun hærra en heilbrigðisyfirvöld hafa látið í veðri vaka í fjölmiðlaumræðum á undanförunum dögum. Því má færa sterk rök fyrir því að ákvæði um bann við afsláttum í smásölu verði felt út úr lögnum.

Virðingarfyllst,

Ólafur Adolfsson lyfsali

Apóteki Vesturlands Akranesi